




Böðun og handþvottur

Handþvottur

Mikilvægt er að gæta fyllsta hreinlætis til að minnka tíðni sýkinga.

Þvoið hendur eftir bleiuskipti, salernisferðir og fyrir matargerð!

Þegar barn eldist kynnið handþvottinn sem fasta venju fyrir máltíðir og eftir salernisferðir.



Dökku svæðin verða oft útundan

Böðun barns

Gott er að hafa baðvatn um 37 til 37, 5 gráður.

Nóg er að baða barn einu sinni til tvisvar í viku til að byrja með þar sem bleiusvæði er þvegið oft á dag.

Óþarft er að nota sápu/sjampó fyrstu mánuðina eða þar til barn er orðið 6 mánaða. Notið sápu í hófi.

Passa þarf að þerra allar fellingar að baði loknu.

Ráðlagt að nota ekki eyrnápinna í eyru barna.

Ekki þarf að hreinsa undir forhúð dregja.

Haldið nöglum stuttum og hreinum.

Notið pappapjöl til að snyrta skarpar brúnir.

Fara varlega í að klippa neglur barns. Ekki naga eða rífa neglur barns.

Kremanotkun er óþörf þó húð barnsins sé þurr.